

Music Learning Theory

Bandaríski fræðimaðurinn Edwin Gordon setti fram og þróaði svonefnda *Music Learning Theory*. Þar leitast hann við að færa rök fyrir að tónnæmi sé ekki föst og óhagganleg stærð heldur þroskaþáttur sem geti tekið verulegum breytingum á fyrstu árum ævinnar. Gordon telur að jákvæð utanaðkomandi áhrif, formleg kennsla og/eða óformleg örvun, viðhaldi tónnæminu eða styrki það enn frekar. Aftur á móti dofni tónnæmið ef hvorki kennsla né önnur örvun eigi sér stað. Samkvæmt kenningu Gordons er við níu ára aldur kominn á stöðugleiki og eftir það verður ekki breyting á tónnæminu. Þetta þýðir þó ekki að einstaklingur geti ekki öðlast aukna færni eftir níu ára aldur. Að mati Gordon er fjöldi fólks sem nýtir ekki tónlistarlega getu sína til fullnustu (1997, 1998).

Audiation

Eitt megineinkenni hugmyndafræði Gordon er það sem hann kallar *audiation* (lat. *audire*= heyra). Við þurfum að vera fær um að hugsa á tungumálinu til þess að geta hlustað, skilið, talað, lesið og skrifað málið. Eins verðum við að vera fær um að hugsa í tónlistinni til þess að geta hlustað á, flutt tónlist, skilið hana, lesið og skráð. Að hugsa í tónlistinni tengist bæði ytra (tónefnið, nótnamynd) og innra læsi (minni):

1. hlusta á tónlist
2. lestur (í hljóði eða flutningi)
3. skrifa niður eftir heyrn
4. kalla fram tónlist (í hljóði eða flutningi)
5. skrifa eftir minni
6. semja eða spinna tónlist (í hljóði eða flutningi)
7. skrá niður tónlist um leið og hún er samin eða spunnin

Gordon segir *audiation* ekki vera það sama og tónskynjun sem gerist um leið og við tökum á móti hljóðinu. Hér sé um að ræða vitrænt ferli þar sem heilinn gefur tónlistarlegum hljóðáreitum merkingu. Þegar hlustað sé á tónlist sé ætíð verið að skipuleggja hljóðin, við lesum í þau. Einnig getum við okkur til um hvað sé framundan vegna fyrri reynslu af ámóta efni.

Fyrstu árin

Gordon leggur áherslu á að ung börn tileinki sér tónlist á sama hátt og talmálið. Eftir að hafa hlustað á móðurmálið í nokkurn tíma byrjar barnið að babbla og gera tilraunir með hljóð sem eru merkingarlaus fyrir hinn fullorðna. Fljótlega fer barnið að herma eftir stök orð og loks nota þau hugtök á merkingarbæran hátt í hendingum og setningum. Sambærilegt ferli í tónlistinni skilgreinir Gordon með því sem hann kallar hann *preparatory audition*.

Preparatory audition

Preparatory audition skiptir Gordon eftir gerð í *acculturation* (aðlögun að menningarhefð), imitation (eftirlíking) og assimilation (samhæfing). Auk þessa stigskiptir Gordon ferlinu og tiltekur sjö þætti þar að lútandi.

Gerð (Type)	Stig (Stage)
Aðlagast menningu- Einstaklingurinn aðlagar sig smám saman samfélaginu og tekur upp ríkjandi siði og venjur. (acculturation)	<ol style="list-style-type: none">1. Móttaka (absorption): Barnið hlustar og tekur á móti tónefni¹ úr umhverfinu en gefur ekki andsvar við því.2. Handahófskennd svörun (random response): Barnið tjáir sig með röddinni og gerir hreyfingar þegar það heyrir tónlist. Ekki er um samhæfingu að ræða.3. Markviss svörun (purposeful response): Barnið reynir að samhæfa eigin hljóðtjáningu og hreyfingu þeirri tónlist sem það upplifir.
Eftirlíking (imitation)	<ol style="list-style-type: none">4. Sjálfsbyggjan yfirgefin (shedding egocentricity): Barnið skynjar að söngur þess er ekki eins og hinna fullorðnu. Það fær meiri áhuga á hvað aðrir gera og fylgist betur með. Fyrir kemur að barnið verði stjærft í viðleitni sinni við að hlusta (audiation stare).5. Viðtaka (breaking the code): Barnið byrjar að herma eftir. Í söngnum fylgir það laglínu og hryn en hefur samt ekki náð að syngja hreint, hvorki hvað varðar tónbil eða takt.
Samlögun (assimilation)	<ol style="list-style-type: none">6. Sjálfskoðun (introspection): Barnið bíður átektar og hlustar að nýju áður en það fer að herma eftir sönginn. Með því reynir það að samræma gerðir sínar og þeim sem leiðir sönginn og þar með tónlistinni.7. Samhæfing (coordination): Barninu tekst að samhæfa söng og kveðandi (chant) hreyfingu (vöðvastarfsemi) og öndun.

¹ Þýðing á sounds of music.

Gordon hefur ásamt samstarfsfólki gefið út kennsluefni í tónlist fyrir hin ýmsu skólastig. Undanfarin ár hefur hann beint sjónum sínum að tónlistarþroska ungbarna (eins til átján mánaða) og skoðað í framhaldi af því nánar þennan þroskaþátt hjá átján mánaða til þriggja ára börnum. Sem stendur beinast rannsóknir hans að einstaka þáttum í *Music Learning Theory*.

Tónnæmi prófað

Gordon (1998) hefur verið ötull á sviði tónnæmiþrófa. AUDIE er ætlað 3ja til 4ra ára gömlum börnum. Prófið samanstendur af 20 tóndæmum. Um er að ræða hlustun þar sem persónan AUDIE stendur fyrir ákveðið stef. Síðan koma inn á milli lík stef (tón- eða hrynbreytt) og barnið svarar já eða nei þ.e. hvort þetta sé AUDIE-stefið eða ekki. Foreldri eða kennari merkir inn svörin á þar gerð eyðublöð. Leiðbeiningar og æfingar fylgja hvernig best sé að nota prófið.

AUDIE's Special Song



No responses: Melody game




No responses: Rhythm game



Mynd: Audie

Audie- stefið og tilbrigði

PMMA (Primary Measures of Music Audiation) er ætlað 5-8 ára gömlum börnum. Prófið er tvíþætt (laglínu og hrynróf), hvort um sig 40 atriði. Gordon gerir ráð fyrir að prófið sé tekið í tvennu lagi, sitt hvorn daginn svo börnin þreytist ekki. Svörin gefur barnið með því að velja á milli eins og ekki eins.



PMMA – prófdæmi

IMMA (Intermediate Measures of Musical Audiation) er ætlað 6-9 ára gömlum börnum og er hliðstætt PMMA-prófinu en þyngra. Það er ætlað börnum sem hafa leyst PMMA án erfiðleika.

MAP (Music Aptitude Profile, Gordon) er ætlað nemendum á aldrinum 9-17 ára. Prófið er þríþætt. Fyrst er þáttur sem snertir tónhæð. Þá er hrynróf og loks þáttur sem prófar gildismat. AMMA (Advanced Measure of Music Audiation) er miðað við tónlistarnema á framhalds- og háskólastigi og gerir því mun meiri kröfur.

Heimildir

Gordon E. (2003) *A Music Learning Theory for Newborn and Young Children*. Chicago: GIA Publications, Inc.

Gordon E (1998) *Introduction to Research and the Psychology of Music*. Chicago: GIA Publications, Inc.

<http://www.giml.org/gordon.php>

http://www.giml.org/mlt_earlychildhood.php

http://www.giamusic.com/music_education/early_childhood.cfm